

REGLUGERÐ

um öryrkjavinnu

1. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal eftir óskum öryrkja en í samráði við Endurhæfingarráð og öryrkjasamtök ráða örorkulífeyrisþega til vinnu hjá einstaklingum eða atvinnufyrirtækjum, öðrum en vernduðum vinnustöðum.

2. gr.

Tryggingayfirlæknir skal áður en vinnusamningur er gerður kanna heilsufar umsækjanda, einkum með tilliti til:

- a) hvort umsækjandi er öryrki á því stigi, að telja megi, að hann verði örorkulífeyrisþegi a. m. k. næstu 3 árin.
- b) hvort telja megi líklegt, að umsækjandi sé, frá heilsufarslegu sjónarmiði, fær um að gegna því starfi, sem hann vill ráðast til.

3. gr.

Á undan ráðningasamningi skal að jafnaði fara a. m. k. 4ra vikna reynslutími, nema atvinnurekandi sé reiðubúinn að gera 3 ára samning án reynslutíma. Upphaf reynslutíma sé staðfest bréflaga af öryrkja og atvinnurekanda og lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins.

Á reynslutímanum falla örorkubætur til öryrkjans ekki niður enda þótt Tryggingastofnunin taki þátt í launagreiðslum þann tíma, sbr. 4. gr. Fylgi sérstakur kostnaður reynslutímanum, t. d. vegna námskeiðs, má greiða uppbót á lífeyri öryrkjans, með hliðsjón af venjulegum reglum um uppbætur.

4. gr.

Að loknum reynslutíma og að jafnaði innan 3 mánaða skal gengið frá vinnusamningi, sem undirritaður skal af vinnuveitenda og af deildarstjóra lífeyrisdeildar f. h. Tryggingastofnunar ríkisins. Öryrkinn ártar samþykki sitt á samninginn.

Vinnusamningur skal gerður til þriggja ára og í honum tekið fram, að Tryggingastofnun endurgreiðir vinnuveitenda 75% af fastakaupi öryrkjans fyrsta árið, 50% annað árið en 25% hið þriðja. Verði um vaktalag, bónusgreiðslur eða yfirvinnu að ræða, tekur Tryggingastofnunin ekki þátt í henni, nema í sérstökum undantekningartilfellum, sem metin eru af deildarstjóra lífeyrisdeildar Tryggingastofnunarinnar.

Í atvinnusamningi skal greint það starf, sem öryrkjanum er ætlað að leysa af hendi og vinnustaður, svo og við hvaða taxa eða kjarasamning kaup skuli miðað.

Auk fastakaupsins og annarra kjara, sem skal vera það sama og gildandi er á hverjum tíma milli launþegasamtaka og atvinnurekenda í viðkomandi starfsgrein, skal tryggingastofnunin greiða til atvinnurekanda sama hlutfall og að framan

greinir á öllum launatengdum gjöldum, sem atvinnurekandinn greiðir vegna öryrkjans.

Vinnusamningur er óuppsægjanlegur af hálfu öryrkjans og Tryggingastofnunar ríkisins á meðan atvinnurekandi stendur við hann. Af hálfu atvinnurekenda er samningurinn óuppsægjanlegur nema öryrkinn verði til frambúðar ófær um að gegna starfinu að læknis áliti, staðfestu af tryggingayfirlækni.

5. gr.

Tryggingastofnun ríkisins endurgreiði atvinnurekenda hlutfall af launum öryrkjans skv. 4. gr. gegn framvísun launakvittunar undirritaðri af launþega eftir hverja útborgun.

Hlutfallsgreiðsla af launatengdum gjöldum vegna launþegans endurgreiðir Tryggingastofnunin eftir á eftir eitt ár í senn gegn framvísun kvittana þar að lútandi og afriti af launaseðlum og tilskyldum gögnum sendum skattyfirvöldum.

Jafnframt gefur Tryggingastofnun skattyfirvöldum upp endurgreidd vinnulaun til atvinnurekenda eftir hvert ár.

6. gr.

Meðan vinnusamningur stendur og Tryggingastofnunin greiðir til atvinnurekenda skv. 4. gr., falla örorkubætur til öryrkjans niður. Aðrar tengdar bætur frá Tryggingastofnun ríkisins, svo sem barnalífeyrir, falla ekki niður nema skv. sérstakri ákvörðun tryggingaráðs.

7. gr.

Vinnusamning samkv. framansögðu má gera um hluta úr heilsdags starfi. Tryggingastofnun greiðir þá sama hlutfall og í 4. gr. segir af greiddum launum og launatengdum gjöldum. Hálfar örorkubætur falla niður, ef um hálf tærf er að ræða. Ekki má gera vinnusamninga við fleiri en einn atvinnurekanda í senn um hluta úr starfi.

8. gr.

Komi upp ágreiningur á milli atvinnurekanda og öryrkja um framkvæmd vinnusamnings, skal lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins kynna sér málavöxtu. Heimilt er þá að rifta samningum, ef sýnt þykir, að ósamkomulag sé á milli áður nefndra aðila í þeim mæli, að ólíklegt sé, að öryrkinn muni haldast við störf hjá fyrirtæki því, er hann réðst til.

Komi til riftunar samnings á atvinnurekandi ekki rétt á greiðslum frá Tryggingastofnun ríkisins nema hlutfall af þeim launum, sem hann hefur greitt launþega.

9. gr.

Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins skal hafa eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé fylgt.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða í lögum nr. 59 20. maí 1978 um breytingu á lögum nr. 67 20. apríl 1971 um almannatryggingar, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 19. júlí 1979.

Magnús H. Magnússon.

Páll Sigurðsson.